



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

38. ÁRG. 2. TBL. Aðventa og jól 2017



Jólin nálgast

**Kynnið ykkur
hátiðardagskrá alla
aðventuna í tilefni
af 30 ára afmæli
Seljakirkju**

Afmælishátíð á aðventunni

Þau eru oft kölluð jólabörn sem eiga afmæli í desember. Þá fylgir tvöföld hátíð afmælisdeginum þegar við bætist eftirvænting aðventunnar og fögnuður jólanna. Jólin eru enda fæðingarhátíð frelsarans sem jólabörnin minna okkur einnig á með afmælisdögum sínum. Seljakirkja er eitt þessara jólabarna. Hún var vígð við hátiðlega athöfn þriðja sunnudag í aðventu árið 1987 og fagnar því nú í desember 30 ára afmæli sínu. Frá fyrsta degi hefur kirkjan verið vitnisburður um þá gleði sem jólonum tilheyrir þar sem börnin eru í fyrirrúmi. Jafnframt hefur kirkjan verið skjól á dimmum stundum og vonberi lífsins. Hún á erindi

við unga sem aldna og hefur líkt og hverfið sjálft vaxið og þroskast með árunum. En þegar líða fer að jólum þá iðar hún af lífi sem aldrei fyrr og enn frekar nú á sjálfri afmælisadventunni. Því nú býður kirkjan öllum til afmælishátíðar, að fagna og gleðjast með sér eins og sönnu jólabarni sæmir. Alla aðventuna verður boðið upp á fjölbreytt helgiöld með góðum gestum sem nær hámarki á sjálfan afmælisdaginn 17. desember. Það er von okkar að kirkjan minni þannig enn sem fyrr á fagnaðarerindi helgra jóla sem okkur öllum er gefið til blessunar.

Bryndís Malla Elidóttir.

Fyrsti sunnudagur í aðventu: Forseti Íslands, Ólafur Kjartan og kórar kirkjunnar á aðventukvöldi

Að þessu sinni verður aðventudagskrá Seljakirkju með sérstaklega hátíðlegu sniði í tilefni af þrjátíu ára vígslu-afmæli kirkjunnar. Fyrsta sunnudag aðventunnar, 3. desember verður barnaguðsþjónusta kl. 11 þar sem kveikt verður á spádómskertinu og dreift verður söfnunarbaukum frá Hjálparstarfi kirkjunnar til að safna fyrir þurfandi. Um kvöldið verður aðventu-

kvöld kl. 20 þar sem dagskráin verður með hátíðlegu sniði. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson flytur ávarp. Stórsöngvarinn, Ólafur Kjartan Sigurðarson syngur ásamt barnakór Seljakirkju og Kór Seljakirkju. Síðan verður kveikt á aðventuljósunum í myrkvaðri kirkjunni. Kvöldinu lýkur síðan með heitu súkkulaði og smákökum.

Annar sunnudagur í aðventu: Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts í barna- guðsþjónustu, Seljurnar í messu og tónleikar Fóstbræðra

Á öðrum sunnudegi aðventunnar, 10. desember, verður sérstök hátíðarstemning í barnaguðsþjónustunni sem hefst kl. 11, því þá mun Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts koma í heimsókn og spila jólalög undir stjórn Snorra Heimissonar. Guðsþjónusta verður kl. 14 þar sem sr. Ólafur Jóhann predikar. Seljurnar, kór Kvenfélags Seljakirkju mun leiða safnaðarsönginn undir stjórn

Svövu Ingólfsdóttur. Hinir árlegu aðventutónleikar karlákórsins Fóstbræðra verða kl. 17. Kórinn syngur sem fyrr undir stjórn Árna Harðarsonar. Einsöngvari er Auður Gunnarsdóttir, undirleikari er Tómas Guðni Eggertsson og sr. Bryndís Malla Elíðóttir flytur hugvekju. Efnisskráin er fjölbreytt og kemur öllum í hátíðarskap. Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.



Fréttir

Afleysing í prestspjónustunni

Frá og með 1. janúar n.k. verður sr. Bryndís Malla Elíðóttir í sex mánaða námsleyfi þar sem hún mun leggja stund á framhaldsnám í sálgæslu og safnaðaruppbyggingu. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson mun sinna afleysingarþjónustu við kirkjuna í byrjun ársins, en hann hefur áður komið að afleysingu í söfnuðinum og þjónaði einnig í Fella- og Hólakirkju um tíma. Fyrsta messa sr. Kristins verður á nýársdag og er hann boðinn velkominn til starfa.

Foreldramorgnar

Einstaklega góð þátttaka hefur verið á foreldramorgnunum í vetur sem eru alla þriðjudagsmorgna milli kl. 10 og 12. Í haust hefur m.a. verið boðið upp á fræðslu um næringu barna, skyndihjálp, ungarnanudd og fæðingarþunglyndi. Alltaf er heitt á könnunni og boðið upp á brauð og ávexti. Góð aðstaða er í kirkjunni fyrir kerrur og vagna og innan dyra eru dýnur og ungarnastólar. Umsjón með foreldramorgnunum hafa þær Valgerður og Hanna Katrín og hægt er að fylgjast með dagskrá og komast í tengsl við hópinn í gegnum facebooksíðuna Foreldramorgnar í Seljakirkju.

Fyrirbænaþing alla fimmtudaga

Á fimmtudögum kl. 12 er bænaþing í kirkjunni þar sem lesið er úr Biblíunni, orð hennar íhuguð og beðið fyrir bænaþingum dagsins. Þetta eru dýrmætar stundir þar sem góður hópur kemur saman. Eftir þingina er samfélag í safnaðarsalnum þar sem boðið er upp á léttan hádegisverð. Tekið er vel á móti nýjum þátttakendum og einnig má koma með fyrirbænaþingi til presta kirkjunnar.

Barnakórinn á ferð og flugi

Síðastliðið sumar fór eldri barnakór kirkjunnar í velheppnað söngferðalag til Ítalíu og söng m.a. í messu og á tónleikum og hlaut alls staðar mikið lof fyrir. Nú í haust tók síðan kórinn þátt í kóramóti þar sem barnakórar af öllu landinu komu saman og mynduðu um 160 barna kór á lokatónleikunum. Yngri barnakórinn hefur einnig æft mikið í haust og er ávallt mikil gleði á æfingum kórsins. Báðir kórarnir munu setja svip sinn á afmælishátíð kirkjunnar í desember og hafa lagt mikið á sig við æfingar undir dyggri stjórn kórstjórans Rósalindar Gísladóttur. Eftir áramót er tækifæri til þess að bætast í hópinn og er áhugasömum bent á að hafa samand við Rósalind.

Þriðji sunnudagur í aðventu:

Jólaball og afmælisguðsþjónusta í tilefni af 30 ára vígsluafmæli kirkjunnar - biskup Íslands predikar

Á þriðja sunnudegi í aðventu, árið 1987 var Seljakirkja vígð við hátíðlega athöfn. Þann 17. desember n.k. fögnum við því þrjátíu ára afmæli með þakklæti fyrir liðna tíð um leið og við horfum með vonaraugum til framtíðar. Því verður fjölbreytt hátíðardagskrá fyrir unga sem aldna á þessum degi. Dagskráin hefst með barnaguðsþjónustu kl. 11, þar sem jólaguðspjallinu verður gerð góð skil um leið og söfnunarbaukum hjálparstarfsins verður skilað. Að lokinni stundinni í kirkjunni verður hið árlega jólaball haldið í safnaðarsalnum, þar sem dansað verður í kringum

jólatréð og jólasveinar kíkja í heimsókn með góðar gjafir. Sérstök afmælisguðsþjónusta verður svo kl. 14 þar sem frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands mun predika og prestar kirkjunnar þjóna fyrir altari. Pétur Úlfarsson, fiðluleikari, og Árni Daníel Árnason, trompetleikari munu spila og Kór Seljakirkju og Barnakór Seljakirkju munu syngja og leiða safnaðarsöng. Að lokinni guðsþjónustu býður sóknarnefnd upp á veglegt afmæliskaffi í safnaðarsalnum. Komum til kirkjunnar og fögnum merktum tímamótum.

Albert og Bergþór á menningarvöku eldri borgara, 28. nóvember

Menningarvökur eldri borgara hafa fest sig í sessi síðasta þriðjudag hvers mánaðar og eru alltaf vel sóttar. Þriðjudaginn 28. nóvember verður síðasta menningarkvöld á þessu ári, en þá munu þeir Albert Eiríksson, matgæðingur og Bergþór Pálsson, söngvari, sjá um léttu

og skemmtilega dagskrá í tali og tónum eins og þeim einum er lagið. Síðan verður boðið upp á hátíðarmat að hætti Lárusar Loftssonar á 1500 kr. Mikilvægt er að skrá þátttöku í síma 567 0110. Allir eru hjartanlega velkomnir og hvattir til að taka með sér gesti.



Guðsþjónustur í Seljakirkju um jól og áramót

24. desember aðfangadagur jóla

- kl. 11 Guðsþjónusta í Seljahlíð
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Félagar úr Gerðubergskórnum syngja.
- kl. 15 Beðið eftir jölunum
Jólastund fyrir börnin.
Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar
Gísladóttur. Karl Olgeirsson leikur undir. Barnahópur úr
KFUM & KFUK starfi kirkjunnar sýnir helgileik undir
stjórn Steinunnar Önnu Baldvinsdóttur. Umsjón hafa
prestar kirkjunnar.
- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Schola Cantorum syngur.
Leikin verður jólatónlist frá kl. 17.30.
- kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Bergþór Pálsson syngur einsöng.

25. desember jóladagur

- kl. 14 Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Árni Daniel Árnason leikur á trompet.
- kl. 15.30 Guðsþjónusta í Skógarbæ
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.

31. desember gamlársgdagur

- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Erla Björg Káradóttir syngur einsöng.

1. janúar nýársdagur

- kl. 14 Guðsþjónusta - Altarísanga
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
- Kl. 15.30 Guðsþjónusta í Skógarbæ
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson prédikar.
Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng.

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Í Betlehem er :,: barn oss fætt. :,:
Því fagni gjörvöll Adams ætt.
:,: Hallelúja. :,:

Það barn oss fæddi :,: fátæk mæ. :,:
Hann er þó dýrðar Drottinn skær.
:,: Hallelúja. :,:

Hann var í jötu :,: lagður lágt, :,:
en ríkir þó á himnum hátt.
:,: Hallelúja. :,:

Hann vegsömuðu :,: vitringar, :,:
hann tigna himins herskarar.
:,: Hallelúja. :,:

Þeir boða frelsi' og :,: frið á jörð :,:
og blessun Drottins barnahjörð.
:,: Hallelúja. :,:

Vér undir tökum :,: englasöng, :,:
og nú finnst oss ei nóttin löng.
:,: Hallelúja. :,:

Vér fögnum komu :,: frelsarans, :,:
vér erum systkin orðin hans.
:,: Hallelúja. :,:

Hvert fátækt hreysi :,: höll nú er, :,:
því Guð er sjálfur gestur hér.
:,: Hallelúja. :,:

Í myrkrum ljómar :,: lífsins sól. :,:
Þér, Guð, sé lof fyrir gleðileg jól.
:,: Hallelúja. :,:

Valdimar Briem - sb. 73



Safnaðartíðindi Seljasóknar
38. árg. 2. tbl. Aðventa og jól 2017

Seljakirkja
Hagaseili 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Prentun: Svansprent.
Upplag: 3000 eintök.